

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. janúar 2022

Efni: Afstaða ráðuneytisins til virkni 3. mgr. 17. gr. póstlaga á tímabilinu 1. janúar 2020 til 1. júlí 2021

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til bréfs ráðuneytisstjóra til félagsins dags. 26. marz 2021. Þar kom fram að ráðuneytið hefði ekki tekið afstöðu til þess hvort 3. mgr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019, um að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna, að viðbættum hæfilegum hagnaði, væri virkt lagaákvæði. Svar ráðuneytisins til Morgunblaðsins – sem mátti skilja sem svo að ráðuneytið hefði komið að þeirri lögfræðilegu niðurstöðu að ákvæðið væri „ekki að öllu leyti virkt“ – hefði verið tekið úr samhengi. Ráðuneytið hefði eingöngu óskað eftir efnivið frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vegna fyrirspurnar blaðsins og væri svarið lesið í heild og samhengi kæmi fram að ekki væri um afstöðu ráðuneytisins að ræða heldur PFS.

Sú túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á póstlögnum – eins og þau voru frá gildistöku 1. janúar 2020 og þar til 2. mgr. 17. gr. var felld út úr lögnum með lögum nr. 76/2021 sem tóku gildi 1. júlí 2021 – skiptir miklu fyrir hagsmuni fyrirtækja sem keppa við Íslandspóst ohf. í pakkadreifingu. Með vísan til umrædds lagaákvæðis, sem kvað á um að gjaldskrá fyrir alþjónustu skyldi vera sú sama um allt land, ákvað Íslandspóstur nýja gjaldskrá sem tók gildi í ársbyrjun 2020. Með gjaldskránni var verð fyrir dreifingu á öllum svæðum lækkað niður í það sem áður hafði gilt um dreifingu innan höfuðborgarsvæðisins. Þetta var augljóst brot á 3. mgr. 17. gr. póstlaganna um að gjaldskrár fyrir alþjónustu skyldu byggjast á raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði; undirverðlagning og taprekstur blasti við.

Á hinni nýstárlegu túlkun sinni, að 2. mgr. 17. gr. laganna gerði 3. mgr. óvirka, virðist Póst- og fjarskiptastofnun hins vegar hafa byggt ákvörðun sína nr. 1/2021, þar sem Póstinum voru m.a. ákvarðaðar 126 milljónir króna af fé skattgreiðenda vegna taps á pakkaflutningum. Þar með voru skattgreiðendur látnir greiða kostnaðinn af undirverðlagningu ríkisfyrirtækisins. Sú ólögmæta undirverðlagning bitnaði hart á hagsmunum fjölda póst- og vörudreifingarfyrirtækja um allt land, sem gátu engan veginn keppt við hið lága verð ríkisfyrirtækisins. Rétt er að rifja upp að í ákvörðun PFS var hvergi vitnað til 3. mgr. 17. gr. póstlaganna og má það heita með ólíkindum, enda vísanir til þess lagaákvæðis eins og rauður þráður í gegnum margar aðrar ákvarðanir stofnunarinnar, þ.m.t. ákvörðun 13/2020, sem birt var rúmum sex vikum á undan ákvörðun 1/2021.

Afstaða ráðuneytisins, eins og henni var lýst í áður nefndu bréfi (eða afstöðuleysi er kannski réttara orðalag), virðist ekki hafa komið til skila til Byggðastofnunar, sem tók við eftirliti með póstmálum 1. nóvember síðastliðinn. Í viðtali við Morgunblaðið 17. desember sl. sagði Hjalti Árnason, yfirlögfræðingur stofnunarinnar:

„Við þjónustubættina bætist einnig tekjutap vegna ákvæðis 2. mgr. 17. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019 um sama verð um allt land á vörum innan alþjónustu. Þessu ákvæði var breytt með lögum nr.

76/2021 en varð þess valdandi á meðan það var í gildi að ákvæði 3. mgr. sömu greinar var ekki fyllilega virkt eins og kemur fram í svári ráðuneytisins við fyrirspurn ykkar [á Morgunblaðinu] í mars á þessu ári [...] Byggðastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun taka undir þetta sjónarmið ráðuneytisins.“

Byggðastofnun virðist þannig byggja á því sem hún telur „sjónarmið ráðuneytisins“ í þessu máli. Þetta skiptir félagsmenn FA og önnur fyrirtæki í pakkadreifingu miklu máli, vegna þess að á grundvelli þessarar einkar vafasömu lagatúlkunar hyggst Byggðastofnun á ný úrskurða Íslandspósti alþjónustuframlag eins og fram kemur í áðurnefndri frétt Morgunblaðsins frá 17. desember.

Í Morgunblaðinu 22. janúar síðastliðinn kemur fram að blaðið hafi sent ráðuneytinu spurningar og ráðuneytið ítrekað að það væri ekki afstaða þess að lagaákvæðið um raunkostnað hefði verið óvirkt. Hins vegar hafi ráðuneytið ekki gefið skýr svör um það hvort það telji yfirleitt að lagaákvæði geti verið óvirk og ekki heldur viljað staðfesta að það telji að 3. mgr. 17. gr. póstlaganna hafi verið virk á þeim tíma sem um ræðir.

Í ljósi framangreinds telur Félag atvinnurekenda afar brýnt að ráðuneytið svari eftirfarandi spurningum með skýrum og afdráttarlausum hætti og skýri þannig sitt sjónarmið í málinu:

1. Telur ráðuneytið að 3. mgr. 17. gr. póstlaga, nr. 98/2019, hafi verið óvirk eða ekki að fullu virk á tímabilinu 1. janúar 2020 til 1. júlí 2021? Telji ráðuneytið að ákvæðið hafi ekki verið að fullu virkt, með hvaða rökum?
2. Telur ráðuneytið einhverja innri mótsögn í þeim ákvæðum sem var að finna í 2. og 3. mgr. 17. gr. póstlaganna á þessum tíma, þ.e. að gjaldskrá geti ekki verið sú sama um allt land og jafnframt miðast við raunkostnað að viðbættum hæfilegum hagnaði? Ef ráðuneytið telur að svo sé, með hvaða rökum og með vísan til hvaða fordæma?

FA minnir á að það er óskráð meginregla í íslenskum stjórnisýslurétti að hver sá sem ber upp skriflegt erindi við stjórnvald eigi rétt á að fá skriflegt svar nema erindið beri með sér að svars sé ekki vænt, en við setningu stjórnisýslulaga nr. 37/1993 hafi verið gengið út frá því að þessi regla gilti. Af þeirri ástæðu, og í ljósi þess hversu miklir hagsmunir fjölda fyrirtækja eru í húfi, telur FA brýnt að brugðizt sé við erindi þessu hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA